

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 12. tbl. 5. árg. 8. sept. 2011

Þá er sumri lokið og vetrarstarfið komið í gang. Ritstjóri vill hvetja lesendur til að senda inn greinar og ábendingar um efni sem gagn og gaman er af.

Mynd augnabliksins er frá Grímseyjarskóla.

Þar voru börnin að vinna verkefni um hvali hér má sjá þau teikna og mála hvali.



Haustfréttir

Úr leikskólum: Búið er að nýskrá tæplega 300 börn í leikskóla bæjarins. Búið er að bjóða foreldrum allra barna sem fædd eru árið 2009 og fyrr leikskóla fyrir veturinn og þáðu langflestir boðið. Einnig hafa verið innrituð 23 börn af árgangi 2010. Eins og gera má ráð fyrir sveiflast barnafjöldi í hverfum bæjarins töluvert milli ára og þar sem langflestir foreldrar óska eftir leikskólum sem næst heimili sínu, voru gerðar nokkrar breytingar á rýmafjölda í einstökum leikskólum þar sem fækkað var leikskólarymum í þorpinu og þau færð á brekkuna.

Dagforeldrar: Starfandi dagforeldrar í bæjarfélaginu verða óvenju margir komandi vetur. Með fjölgun dag-gæsluleyfa er verið að reyna að sinna kalli foreldra eftir gæslu yngstu barnanna. Árgangur 2010 er óvenju fjölmennur og má því gera ráð fyrir mikilli ásókn í leikskólana að ári.

Grunnskólar: Alls hófu 249 nemendur 6 ára nemendur nám í 1. bekkjum grunnskóla bæjarins. Fjölmennustu hóparnir hófu nám í Síðuskóla og Giljaskóla en fámennasti bekkurinn er í Hlíðarskóla, þar sem engin nemandi hóf nám í 1. bekk og í Grímseyjarskóla þar sem 1. nemandi hóf nám í vetur. Alls eru rúmlega 2600 nemendur skráðir í grunnskóla bæjarins og er það álika fjöldi og verið hefur.

Skólanefnd: Helstu verkefni skólanefndar í byrjun skólaárs er vinna við fjárhagsáætlunargerð og stefnu-mótun, þar sem verið er að leggja línur um hverskonar þjónustu skólastofnanir bæjarfélagsins skulu veita.

Varðandi stjórnskipulagsbreytingar í leikskólum.

Nú eru rýnihópar starfsfólks leikskóla að störfum. Í rýnihópa voru skipaðir aðilar úr hverjum leikskóla sem hittast og ráða ráðum sínum. Gert er ráð fyrir að þeir skili af sér niðurstöðum fyrir 12. september n.k. Eftir það tekur við áframhaldandi vinna stýrihópsins.

Nýr skólastjóri Glerárskóla

Eyrún Halla Skúladóttir hefur verið ráðin skólastjóri Glerárskóla.

Eyrún útskrifaðist frá Kennaraháskóla Íslands 1988 og brautskráðist með meistaraáráðu í stjórnun menntastofnana frá Memorial University í St. John's í Kanada nú í vor. Eyrún hefur sinnt kennslu í Foldaskóla, Þelamerkurskóla og Lundarskóla. Hún var deildarstjóri í Lundarskóla árin 2003 - 2008, en hefur verið í námi í Kanada síðan ásamt því að sinna ýmsum rannsóknarstörfum samhliða námi.

Nýir starfmenn á Skóladeild.

Árni Konráð Bjarnason hefur verið ráðinn rekstrarstjóri á Skóladeild. Hann verður einnig rekstrarstjóri á Íþróttadeild í 20% starfi. Árni tekur við af Hafþóri Einarssyni sem fluttur er á höfuðborgarsvæðið. Árni mun sem rekstrarstjóri sjá um fjármálastjórn leik-, grunn- og tónlistarskóla í samvinnu og samráði við stjórnendur skólanna og fræðslustjóra.

Sigurbjörg Rún Jónsdóttir hefur verið ráðin verkefnastjóri á Skóladeild. Sigurbjörg er með M.S.-próf frá Háskóla Íslands, félagsvísindasviði í mannauðsstjórnun. Sigurbjörg mun hafa umsjón með málefnum dagforeldra, námskeiðum og viðburðum á vegum skóladeildar, halda utan um og fylgja eftir verkefnum sem tveir eða fleiri grunnskólar eru aðilar að, safna og halda utan um upplýsingar um skólahlald og setja fram í starfsáætlun og ársskýrslu og afgreiða almennar fyrirspurnir og erindi sem berast til skóladeildar vegna grunnskóla og Tónlistarskóla.

Til grunnskóla vegna nýrrar aðalnámskrár grunnskóla.

Eftirfarandi frétt birtist á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins 06.09 s.l.:

Í framhaldi af setningu nýrra laga árið 2008 um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, hefur mennta- og menningarmálaráðuneyti unnið að innleiðingu þeirrar menntastefnu sem þar er mörkuð. Undirstaða þeirrar vinnu er útgáfa nýrra aðalnámskráa fyrir skólastigin þrjú sem hafa nú verið staðfestar af ráðherra og birtar með auglýsingu í Stjórnartíðindum.

Sjá nánar á vef skóladeildar: <http://skoladeild.akureyri.is/akmennt/>

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af Skóladeild Akureyrarbæjar Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Opnunartími mán-fimmtudaga frá 8 - 13.

Markmið blaðsins: er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- grunn- og tónlistarskóla bæjarins, auk fulltrúa foreldra o.fl.

Skólafest Akureyrarbæjar.

Á næstu vikum munu koma hér áherslur úr skólafesti Akureyrarbæjar. Það er alltaf gott að rifja upp.

Meginmarkmið

Nemendur

- Nemendur byggi upp jákvæða sjálfsmynd, læri að vinna með og tjá tilfinningar sínar, tileinki sér sjálfsaga, efla frumkvæði og örvi sköpunargleði.
- Nemendur geri kröfur til sjálfra sín í námi og samskiptum og vandi öll sín verk.
- Nemendur læri um eðli og gildi þeirra siðferðisdygða sem sammæli er um í þjóðfélaginu, svo sem áreiðanleika, hjálpssemi, heiðarleika, sannsögli, umhyggju og góðvild og fái þjálfun í að temja sér þær í leik og starfi.
- Nemendur séu meðvitaðir og virkir þátttakendur í skipulagi eigin náms.
- Nemendur líti á þátttöku foreldra í námsframvindu sinni sem sjálfsagðan hlut og tileinki sér góða námstækni og skilvirk vinnubrögð.

Foreldranámskeið fyrir foreldra barna með ofvirkni og/eða athyglibrest á aldrinum 5 – 10 ára.

PMT foreldrafærminámskeið (**Parent Management Training**) hefst þann 4. október nk. Um er að ræða námskeið sem stendur yfir í átta vikur. Meginmarkmið námskeiðsins er að kenna raunprófaðar og hagnýtar uppeldisaðferðir sem stuðla að jákvæðri hegðun barns og draga úr hegðunarvanda. Kostnaður er kr. 5.000 sem greiðist við skráningu en námskeiðið fékk styrk frá Félagsmálaráðuneytinu til að efla stuðnings- og nærþjónustu við börn með ADHD greiningu. Leiðbeinendur eru PMT meðferðaraðilar, Guðrún Kristófersdóttir sálfræðingur og Þuríður Sigurðardóttir félagsráðgjafi.

Sótt er um á tilvísaneyðublöðum skólafestis Fjölskyldudeildar. Nánari upplýsingar gefur Þuríður á Skóladeild Akureyrarbæjar í síma 460-1417 eða í tölvupósti: thuridur@akureyri.is

Rekstrarafgangur færður á milli ára.

Þann 30. ágúst afhenti Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri Akureyrar deildarstjórum skóladeildar og fjölskyldu- og búsetudeildar samtals 22 milljónir sem verða færðar yfir á

núverandi fjárhag. Bæjarráð Akureyrar hefur heimilað færslu fjárveitinga á milli ára í þessum málaflökum en góður rekstur á árinu 2010 gefur svigrúm til að færa rekstrarafgang þessara málaflokka yfir á núverandi fjárhagsár og nema upphæðirnar 12 milljónum króna til fjölskyldu- og búsetudeildar og 10 milljónum króna til skóladeildar.

Við þetta tækifæri sagði Eiríkur Björn að þótt aðeins væri um að ræða lítið brot af heildarrekstrarútgjöldum þessara málaflokka þá væri færsla þeirra á milli ára hvort tveggja í senn, hvatning til starfsfólks bæjarins um að gera enn betur og um leið þakklætisvottur fyrir vel unnin störf.



Leitin að grenndargralinu hefst mánudaginn 5. september.

Hér er á ferðinni spennandi ratleikur fyrir fróðleiksfusa krakka á unglingastigi. Sex skólar taka þátt en það eru Brekkuskóli, Glerárskóli, Giljaskóli, Lundarskóli, Oddeyrarskóli og Síðuskóli.

Verkefnið sem þátttakendur kljást við tengjast sögu heimabyggðar. Þannig er reynt að auka áhuga og vitund þátttakenda á nánasta umhverfi í gegnum skemmtilegar og spennandi vettvangsferðir og rannsóknarleiðangra. Þátttakendur fá eina þraut til lausnar í viku hverri í 10 vikur. Við lausn hverrar þrautar fá þeir bókstaf og er markmiðið að safna ákveðnum fjölda bókstafa sem að lokum mynda lykilorð. Þegar krakkarnir hafa raðað saman bókstöfunum og myndað sjálft lykilorðið hafa þeir öðlast rétt til að hefja leit að grenndargralinu.

Gralið er staðsett á Akureyri og fá krakkarnir vísbendingar sér til aðstoðar við leitina. Sá eða þeir sem fyrstir finna gralið teljast sigurvegarar í Leitinni að grenndargralinu árið 2011. Fá þeir grenndargralið til varðveislu í eitt ár.

Umsjón með Leitinni hafa kennarar í þáttökuskólunum sex. Nánari upplýsingar um verkefnið má sjá á heimasíðunni www.grenndargral.is

Alþjóðadagur um læsi 8. september.

Bók í mannhafið.

Á alþjóðadegi læsis 8. september 2011 er stefnt að því að bjóða fólki á öllum aldri að taka sér ókeypis bók úr bókakössum sem verða staðsettir á fjölmönnum stöðum á Akureyri að fengnu leyfi, s.s. í kaffihúsum, verslunum, flugvelli, bönkum, heilsugæslu, umferðamiðstöð, o.fl.

Í kössunum eru ókeypis bækur sem fólk á öllum aldri getur tekið með sér heim. Hver bók er merkt með límmiða þar sem stendur Bók í mannhafið. Að lestri loknum er bókinni komið fyrir í sambærilegum bókakassa eða á stað sem er aðgengilegur öðrum. Bókakassarnir standa út september og lengur ef áhugi er fyrir hendi. Almennungur getur einnig sett sínar eigin bækur í mannhafið með því að setja límmiða framan á bókina þar sem stendur Bók í mannhafið skilja hana eftir í bókakassa eða á fjölförnum stað.

Gefendur bóka eru Amtsbókasafnið, undirbúningsnefnd og vinnufélagar þeirra.

Verkefnið er að frumkvæði Miðstöðvar skólaþróunar og Bóksafns Háskólans á Akureyri, Amtsbókasafnsins og Akureyrarstofu.